

Hverfisráð Breiðholts

Árið 2014, fimmtudaginn 21. ágúst kl. 16:15, var haldinn 102. fundur hverfisráðs Breiðholts. Fundurinn var haldinn í Gerðubergi, G-sal. Viðstaddir voru: Nichole Leigh Mosty formaður, Sigmundur Þórir Jónsson, Jórunn Pála Jónsdóttir, Aðalheiður Franzdóttir, Unnur Ágústsdóttir, Helgi Kristófersson fulltrúi Íbúasamtakanna Betra Breiðholt, Rafn Einarsson áheyrnarfulltrúi, Óskar Dýrmundur Ólafsson hverfisstjóri og Arnar Snæberg Jónsson verkefnastjóri sem ritaði fundargerð. Sigþór Ágústsson og Omar Ahmed Awad varamaður hans boðuðu forföll. Formaður bauð fulltrúa velkomna og fulltrúar kynntu sig.

Petta gerðist:

1. Tilgangur og verklag hverfisráðs
Rætt um markmið með starfi hverfisráðs Breiðholts. Hverfisráð er lýðræðisverkfæri sem ber að nýta til fullnustu. Fulltrúar hvattir til að vinna með jákvæðni, víðsýni og framsýni í fyrirrumi.
2. Stefna- og starfsáætlun Breiðholts, staða þróunar í hverfinu
Óskar Dýrmundur Ólafsson hverfisstjóri skýrði frá stefnu og starfsáætlun Breiðholts. Fulltrúar lögðu fram spurningar í framhaldinu, m.a. um ábendingakerfi borgarinnar og almenna skilvirkni innan borgarkerfisins.
3. Verkaskipting og fyrirkomulag
Arnar Snæberg er starfsmaður hverfisráðs. Ákveðið að fundir verði haldnir þriðja þriðjudag í mánuði kl. 16:30-18:15. Ungmennaráði Breiðholts verði boðið að senda tvo fulltrúa á fundi. Fundargerðir verða sendar út til samþykkis í tölvupósti eftir hvern fund.
4. Samskipti og samræða hverfisráðs og íbúa
Rætt um hvernig Hverfisráð gæti átt í samskiptum við íbúa. Rætt um miðlun á samfélagsmiðlum o.fl. Ákveðið að hafa sérstaka umræðu um miðlun og upplýsingagjöf á næsta fundi. Nichole benti á að Breiðholtsþing gæti virkað sem vettvangur fyrir samræðu hverfisráðs við íbúa.
5. Önnur mál
 - a) Helgi Kristófersson ræddi þörf á endurbótum á mannvirkjum víða í hverfinu. Nichole taldi mikilvægt að finna ákveðinn farveg og aðferð fyrir hverfisráð til að koma þannig málum á framfæri. Hentugt væri ef t.d. Íbúasamtökin Betra Breiðholt gætu sett saman lista á opnum stjórnarfundum og komið þeim til Hverfisráðs í annarri viku hvers mánaðar.
 - b) Aðalheiður lagði til að einn fundur hverfisráðs yrði nýttur til að fara í skoðunarferð um hverfið. Mögulega væri hægt að koma á aukafundi ráðsins undir slíka ferð.
 - c) Rætt um möguleika á því að halda hátíð í hverfinu sem endurspeglar fjölbreytileika þess. Mikilvægt er að grasrótin í hverfinu taki þátt og íbúarnir eigi hátíðina. Fjármagn er til staðar t.d. í hverfissjóði fyrir íbúa til að sækja í. Rætt um að markaðsstemning gæti t.d. hentað. Nichole hefur samband við fulltrúa Íbúasamtaka Laugardals til að fá upplýsingar um hvernig staðið er að málum þar. Fulltrúa þeirra verði boðið á næsta fund Hverfisráðs.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 18:04.

Sigmundur Þórir Jónsson
Aðalheiður Franzdóttir

Nichole Leigh Mosty

Jórunn Pála Jónsdóttir
Unnur Ágústsdóttir